

Föstudaginn 24. mars 1995.

Nr. 108/1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Fyrir liggur rökstuddur grunur um aðild varnaraðila að þeim brotum, er um getur í hinum kærða úrskurði. Að því athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hans verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 22. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Bjarna Leifi Péturssyni, kt. 150658-2419, með lögheimili að Frostafold 3, Reykjavík, en dvalarstað að Langholtsvegi 80, Reykjavík, verði gert að seta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. maí 1995 kl. 16.00.

Rannsóknarlögregla ríkisins kveður lögregluna í Reykjavík hafa tilkynnt

um innbrot og þjófnað í húsnæði kvikmyndafélagsins Garps- og Kam-kvikmynda þriðjudaginn 21. mars 1995 kl. 9.12. Við rannsókn hafi komið í ljós, að farið hefði verið inn um opnanlegt gluggafag á glugga, sem snýr út að Norðurstífg. Hefði gluggafagið verið spennt upp. Ljóst sé, að stórfelldum verðmætum hafi verið stolið. Talið er, að verðmæti þýfisins nemi nær 4 milljónum króna, en þýfið er tölvubúnaður af ýmsu tagi, svo sem vél- og hugbúnaður, myndavélar, kvikmyndatökuvélar, upptökutæki auk ómetanlegra gagna á diskum tölvubúnaðar, handrit og mjög verðmæt persónuleg gögn auk geisladiska, símbúnaðar o. fl.

Kærði var handtekinn á veitingastaðnum Skippernum við Tryggvagötu kl. 19.34 í gærkvöld.

Við yfirheyrslu hjá RLR í morgun kvaðst kærði vera saklaus af innbroti að Norðurstífg 3 aðfaranótt 21. mars sl. Kvaðst hann hafa geymt tvær töskur fyrir kunningja sinn, Jónas James Norris, og komið þeim í geymslu.

Við fyrirtöku málsins fyrir dóminum í dag ítrekaði kærði sakleysi sitt af framangreindu innbroti og kvaðst hafa komið umræddum töskum í geymslu, annarri í ruslageymslu að Snorrabraut 35, en hinni hefði hann komið í geymslu hjá kunningja sínum.

Með vísan til framburðar Jónasar James Norris hér fyrir dóminum og skýrslu hans hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins auk fram lagðra rannsóknargagna þykir þrátt fyrir neitun kærða leika rökstuddur grunur á, að kærði hafi gerst sekur um brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem fram er komið hér fyrir dóminum um rannsóknarhagsmuni og sakaferil kærða, þykir verða að fallast á það með Rannsóknarlögreglu ríkisins, að a- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eigi við, og þykir því rétt með hliðsjón af framangreindu að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald til greina, eins og hún er fram sett í gæsluvarðhaldskröfu.

Arnfríður Einarsdóttir kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. maí nk. kl. 16.00.